



# Skógrækt ríkisins Suðurlandsdeild



## Ársskýrsla 2007

Samantekt  
Hreinn Óskarsson  
Skógarvörður



Hæsta jólatré sem fellt hefur verið á Íslandi kom úr Svartagilshvammi í Haukadal. Það stendur hér við hús Orkuveitu Reykjavíkur. Tréð var 17,2 m hátt.

Ljósm. Kristinn H. Þorsteinsson



Kristian Kirk bálskýlið í Haukadal er líklega stærsta bygging sem reist hefur verið hér á landi úr íslenskum trjáviði. Einar Óskarsson og Morten T. Leth hönnuðu og smíðuðu húsið að mestu leyti með aðstoðarfólki. Myndin er tekin í ágúst þegar húsið var enn hálfklárað. Ljós. Hreinn Óskarsson

© Skógrækt ríkisins 2008  
© Hreinn Óskarsson

Útgefandi: Skógrækt ríkisins  
Höfundar efnis: Hreinn Óskarsson, Hrafn Óskarsson, Theodór A. Guðmundsson,  
Jóhannes H. Sigurðsson og Gunnlaugur Guðjónsson.

Ljósmyndir: Hreinn Óskarsson, Hrafn Óskarsson, Morten T. Leth og Jóhannes H. Sigurðsson  
Mynd á forsiðu: Útsýni norður með Sandá að Gvendarrana og  
Dímon í Þjórsárdal. Ljós. Hreinn Óskarsson

Öll réttindi áskilin.  
Efni skýrslunnar má afrita með ljósmyndun,  
hljóðritun og á annan sambærilegan hátt, að hluta eða  
í heild, með skriflegu leyfi höfundar og útgefanda.

## SAMANTEKT

Eins og undanfarin ár unnu fimm fastráðnir starfsmenn hjá Suðurlandsdeild árið 2007, auk Skógræktarráðunautar á Suðurlandi sem var á launum hjá deildinni. Alls voru unnin um 8,7 ársverk þegar lausráðnir eru taldir með. Erlendir starfsmenn frá nokkrum skógræktarskólum unnu hjá deildinni við ýmis störf auk sjálfboðaliða sem unnu að stígagerð í Þórsmörk. Alls skiluðu þessir aðilar rúmlega 4,2 ársverkum. Ýmis verkefni voru í höndum verktaka eins og undanfarin ár s.s. vörubílaakstur, stígalagning, umsjón tjald- og hjólhýsasvæða.

Árið var hið 10 hlýjasta frá upphafi mælinga. Sumarið var einstaklega þurrt og haustið sérlega blautt. Þurrkarnir ullu nokkrum afföllum hjá nýgróðursettum plöntum, en höfðu lítil áhrif á eldri skóg. Vöxtur var góður þar sem raki var nægur.

Skógrækt ríkisins sáði ekki til trjáplantna í gróðrarstöðinni á Tumastöðum þetta árið, en hluti stöðvarinnar var leigður út ásamt ræktunarplönunum til Barra hf. Var plöntulager sá sem til var í stöðinni einnig að mestu seldur til Barra.

Alls voru gróðursettar hjá Suðurlandsdeild tæpar 118 þúsund trjáplöntur. Gróðursetning í nafni Heklusköga í Þjórsárdal eru inni í þessari tölu, en ekki gróðursetningar Heklusköga austan Þjórsár. Helstu trjátegundir voru birki (72 þús), stafafura (20 þús), sitkagreni (16 þús), rauðgreni (7 þús) og evrópulerki (1600). Mest var gróðursett í Þjórsárdal eins og undanfarin ár eða tæp 63 þús.

Aðallega var grisjað í Þjórsárdal og Haukadal. Var Menzi Muck nýtt til grisjunar í Haukadal. Karrsagað var aðallega í Þjórsárdal. Skjólbelti voru klippt með ar áfram grisjun á Þingvöllum. Sagað var frá jólatrjám í Þjórsárdal og Haukadal og áburður borinn á.

Nýtt rannsóknaverkefnið var sett á laggirnar í Þjórsárdal í tengslum við Hekluskögaverkefnið. Þar var birki gróðursett með fjórum aðferðum í 7 mismunandi stig uppgræðslu allt frá gróðurlausum vikrum yfir í þéttar lúpinubreiður.

Rúmlega 90 rúmmetrar af kurli seldust á árinu og eldiviðarsala var tæp 11 tonn. Um 1200 staurar í fiskihjalla voru seldir til Landgræðslunnar til að setja upp fokgirðingar á Landeyjasandi. Borðviður var seldur í fyrsta sinn svo einhverju næmi enda loks komin borðviðarsög. Tæp 700 kg af furugreinum og 1482 jólatré, þ.a. 96 torgtré, voru höggvin og seld. Á Tumastöðum var alls safnað og hreinsað rúmlega 10 kíló af sunnlensku trjáfræi af nokkrum tegundum. Auk þess var hreinsað fræ fyrir Hallormsstað af Sitkagreni.

Stígar fyrir hreyfihamlaða voru lagðir í Haukadal og Þjórsárdal í samvinnu við Sjálfsbjörgu á Suðurlandi. Nokkrar göngubrýr og skábraut voru smíðaðar í tengslum við stígagerðina. Fékkst styrkur til verkefnisins frá Ferðamálastofu. Bálhús voru reist í Haukadal og í Þjórsárdal úr grisjunarviði úr skóglendum deildanna. Vatnsveitur voru endurnýjaðar á Tumastöðum og í Þjórsárdal.

Nokkrar eignir voru seldar í lok ársins. Þrjár gamlar Zetordráttarvélar voru seldar til Póllands og gamall Ferguson frá Tumastöðum var seldur aftur til Landgræðslu ríkisins eftir áratuga þjónustu hjá Skógræktinni. Íbúðarhúsið í Tungu ásamt útihúsum og 1 ha lands var selt.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>bls. 6</b>
<b>Mannahald</b>	<b>bls. 7</b>
Heilsármenn	bls. 7
Sumarfólk, lausráðnir og verktakar	bls. 7
Erlendir starfsnemar	bls. 7
Sjálfbóðaliðahópar	bls. 8
<b>Umhverfispættir</b>	<b>bls. 9</b>
Veðurfar ársins	bls. 9
Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls. 9
<b>Ræktun og afhending</b>	<b>bls. 10</b>
Sala lagers og afhending trjáplantna	bls. 10
Afhending græðlinga	bls. 10
Fræafhending	bls. 10
<b>Gróðursetning</b>	<b>bls. 11</b>
Undirbúningur gróðursetningar	bls. 11
Múlakot	bls. 11
Tumastaðir	bls. 11
Þjórsárdalur	bls. 12
Þórsmörk og Goðaland	bls. 12
Skarfanés	bls. 12
Haukadalur	bls. 12
<b>Hirðing og grisjun</b>	<b>bls. 13</b>
Tumastaðir	bls. 13
Þjórsárdalur	bls. 13
Haukadalur	bls. 13
Þingvellir	bls. 13
<b>Tilraunir og þróunarverkefni</b>	<b>bls. 14</b>
Birki - Þjórsárdal	bls. 14
Ágræðsla – betri tré	bls. 14
Kortlagning skóglenda, uppmæling reita...	bls. 14
Prófanir á erlendum efniviði	bls. 14
<b>Skógarafurðir</b>	<b>bls. 15</b>
Kurl og arinviður	bls. 15
Borðviður og hjallaefni	bls. 15
Jólatré og greinar	bls. 15
Trjáfræ	bls. 16
<b>Girðingar og vegir</b>	<b>bls. 17</b>
Viðhald girðinga	bls. 17
Endurnýjun girðinga	bls. 17
Viðhald vega	bls. 17

<b>Útivistarsvæði</b>	<b>bls.</b>	<b>18</b>
Tumastaðir	bls.	18
Trjagarðurinn í Múlakoti	bls.	18
Haukadalur	bls.	18
Þjórsárdalur	bls.	19
Þórsmörk og Goðaland	bls.	19
Kirkjubæjarklaustur	bls.	19
<b>Fasteignir</b>	<b>bls.</b>	<b>20</b>
Sala og kaup	bls.	20
Nýsmíði	bls.	20
Viðhald	bls.	20
Útleiga	bls.	21
<b>Rekstur ársins</b>	<b>bls.</b>	<b>22</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>bls.</b>	<b>22</b>
<i>Launakostnaður</i>	<i>bls.</i>	<i>22</i>
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	<i>bls.</i>	<i>22</i>
<b>Sértekjur</b>	<b>bls.</b>	<b>23</b>
<i>Tekjur almennar</i>	<i>bls.</i>	<i>23</i>
<i>Vörusala</i>	<i>bls.</i>	<i>23</i>
<b>Ýmislegt annað</b>	<b>bls.</b>	<b>24</b>
Birkisaft töppuð af birki í Haukadal	bls.	24
Samstarf við Harðviðarval	bls.	24
Samstarf við Katla Travel	bls.	24
Heimsóknir hópa	bls.	24
Fundir, ferðir og námskeið	bls.	25
Fyrirlestrar	bls.	25
Greinaskrif og veggspjöld	bls.	25
Hekluskógar	bls.	25
<b>Viðauki</b>	<b>bls.</b>	<b>28</b>
Gróðursetning 2007	bls.	27

## Inngangur

Í skýrslu ársins verður gerð grein fyrir helstu verkefnum Suðurlandsdeildar S.r. sem unnin hafa verið árið 2006. Er skýrslan hefðbundin að gerð.

Miklar breytingar urðu hjá deildinni þetta árið, en rekstur á Tumastöðum var leigður út og plöntulager að mestu seldur leigjandanum. Einnig var íbúðarhús og útihús í Tungu í Fljótshlíð selt ásamt 1 ha lands í lok árs, sem skapar töluverðar tekjur árið 2008, sem nýta á til endurbóta á húsnæði á Tumastöðum, til að endurbæta vélakost deildarinnar og ýmissa annarra verkefna á Suðurlandi.

Grunnframlag til Suðurlandsdeildar var samkvæmt áætlunum jafnt og hjá öðrum þjóðskógadeildum eins og undanfarin ár, en þó lenti það á Suðurlandsdeild að greiða laun skógræktarráðunautar S.r. á Suðurlandi. Aðrir skógræktarráðunautar S.r. eru ráðnir af aðalskrifstofu á Egilsstöðum og skýtur því nokkuð skökku við að það lendi á Suðurlandsdeild einni þjóðskógadeilda að greiða laun ráðunautar í landshlutanum. Loforð hafa þó borist frá yfirstjórn S.r. þess efnis að laun skógræktarráðunautar verði frá og með 2008 greidd af aðalskrifstofu. Mun það létta mjög rekstur deildarinnar.

Rekstur deildarinnar gekk mjög vel þetta árið og tókst að ljúka nokkrum verkefnum í tengslum við útivist almennings í Þjóðskógunum. Sem dæmi má nefna nýjan stíg í Þjórsárdal, nýtt bálskýli og brýr í Haukadal, nýjan áningarstað á Kirkjubæjarklaustri, auk viðhalds göngustíga í Þórsmörk. Einnig tókst að ljúka við vatnsveitu á Tumastöðum og í Þjórsárdal. Sértekjuöflun gekk einnig mjög vel, þökk sé afar duglegu og útsjónarsömu starfsfólki deildarinnar. Skilaði deildin 12 milljóna kr tekjum umfram áætlanir og því nokkrum milljónum í plús.

Hekluskógar voru alfarið á hendi skógarvarðar árið 2007 og fékk Suðurlandsdeild 14 milljónir til þess verkefnis. Voru því óvenju mörg og spennandi verkefni á hendi skógarvarðar þetta árið.

Ekki síst í ljósi þess hversu önnur kafinn skógarvörðurinn var í ýmsum verkefnum ber sérstaklega að þakka starfsfólki deildarinnar fyrir fórnfúst starf á árinu 2007, en starfsmenn tóku á sig aukið álag vegna þessa. Einnig ber að þakka verktökum, sjálfboðaliðum og samstarfsfólki hjá ýmsum stofnunum t.d. hjá Landgræðslunni, Suðurlandsskógunum, Landsvirkjun og Skógræktarfélagum á Suðurlandi.

Myndir í skýrslunni eru flestar teknar af skógarverði auk mynda frá starfsfólki.

Febrúar 2008  
Virðingarfyllt,

*Hreinn Óskarsson*

---

Hreinn Óskarsson  
skógarvörður

## Mannahald

Engar mannbreytingar urðu í fasta starfliðinu árið 2007, nema að síðasta dag ársins hætti skógarvörðurinn störfum. Fer hann til starfa sem verkefnisstjóri Heklusköga. Alls voru launuð ársverk um 8,7 hjá deildinni árið 2007. Þar af voru sex heilsármenn. Skógræktarnemar í starfsnámi skiluðu um 4,2 ársverkum en þeir unnu í Haukadal og Þjórsárdal. Alls eru ársverk því um 12,9.

## Heilsármenn

Heilsármenn hjá Suðurlandsdeild voru Einar Óskarsson (Haukadal), Hrafn Óskarsson (Tumastöðum), Hreinn Óskarsson (Selfossi), Jóhannes H. Sigurðsson (Þjórsárdal), Morten T. Leth (Skógræktarráðunautur áætlanagerð) og Theodór A. Guðmundsson (Tumastöðum).

## Sumarfólk, lausráðnir og verktakar

Lausráðin á Tumastöðum voru Ásmundur Eiríksson (1,3 mán) en Ásmundur fór svo að vinna hjá Barra hf á Tumastöðum, Rúnar Máni Baldursson (1,4 mán), Sigríður Böðvarsdóttir (8,6 mán) og Sigríður Anna Haraldsdóttir (3,5 mán). Auk þess vann Guðmundur Ragnarsson á Tumastöðum í nokkra daga í lok árs. Árni Guðmundsson í Múlakoti sá um trjásafnið í Múlakoti og vann við það í um 1,2 mannmánuði. Alls unnu lausráðnir og fastráðnir starfsmenn um 16,9 mannmánuði eða rúm 1,4 ársverk.

Í Haukadal og Þjórsárdal voru nokkrir sumarstarfsmenn við störf á árinu. Þeir voru Ari Steinar Svansson (2,9 mán), Nicolaj Bak Christiansen (0,5 mán), Óskar Valentin Grönholm (1,3 mán), Thomas Menne (4,2 mán), Þórfriður Soffía Haraldsdóttir (2,7 mán) og Örn Þrastarson (2,1 mán). Alls unnu laus og fastráðnir starfsmenn í 14 mannmánuði á svæðunum.

Verktakar sáu um viðhald girðinga á Kirkjubæjarklaustri, Tumastöðum, Tungu og Kollabæ, rekstur tjald- og hjólhýsasvæða í Þjórsárdal, auk gróðursetningar, á Tumastöðum, aksturs jólatrjáa ofl. og ýmissa viðvika. Var reynsla almennt góð af þessu fyrirkomulagi. Einar Bjarnason sinnti grisjun, gerð áningarstaðar og stigagerð í um mánaðartíma á Kirkjubæjarklaustri á árinu.

## Erlendir starfsnemar

Í ár unnu 10 starfsnemar hjá deildinni við ýmis verkefni. Þau voru: Stephen Patric Lockhart, Mark Keegan og Cian Gallanher (Háskólanum Dublin Írlandi/ University College Dublin), Randi Gindeberg (Skovskolen Nödebo Danmörku), Trine Sofie



Starfsnemar 2007: efri röð Emma, Emilian, Cian, Trine og Nicolas, neðri röð: Mark, Alex og Anne.

Líðsm. Hreinn Óskarsson



Nielsen (Landbúnaðarháskólinn í Kaupmannahöfn), Emma Johnsson (Svergies Landbrukshögskole, Umeå), Anne Wolff, Nicolas Martin, Alexandre Macé og Emilian Simonot (FIF-ENGREF Skógræktarháskóli Frakklands, Nancy). Samtals störfuðu þessir nemar í 50 mánuð eða 4,2 ársverk hjá deildinni. Auk þess að vinna hjá deildinni við ýmis verkefni, aðstoðuðu nokkrir nemanna við skógræktarúttekt Arnórs Snorrasonar á Mógilsá.

## Sjálfbóðaliðahópar

---

Eins og undanfarin ár unnu sjálfbóðaliðar að endurbótum á göngustígum í Þórsmörk og Goðalandi. Var aðaláherslan þetta árið lögð á stígaviðgerðir efst í Valahnúk. Var um að ræða 4-5 manna hópa á vegum BTCV sjálfbóðaliðasamtakanna sem unnu í um sex vikur undir stjórn Chas Goemans frá Umhverfisstofnun. Greiddi Skógrækt ríkisins fæði og ferðir hópsins. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ferðafélag Íslands í Langadal og Ferðafélagið Útivist í Básam. Vill Skógræktin þakka þessum aðilum samstarfið.



Chas Goemans og ástralskur fulltrúi BTCV sjálfbóðaliðasamtakanna skoða vel heppnaða stígaviðgerð í hlíðum Valahnúks en þar hafa verið gerðar miklar endurbætur á stígum frá Langadal og upp á topp hnúksins. Vonandi gefast tækifæri til að laga uppgöngu úr Húsadal hið fyrsta áður en úrrennsli úr stígum þeim megin skemmri hlíðarnar.

Ljósmynd: Hreinn Óskarsson

## Veðurfar ársins

Árið var hlýtt í heildina og það 10 hlýjasta frá upphafi mælinga í Reykjavík og Vestmannaeyjum skv. Veðurstofu Íslands. Vetur og vor voru tíðindalítill, apríl innihélt tvær hitabylgjur en maí var fremur kaldur og snjóaði t.d. sunnanlands. Þó var ekki um að ræða nein frost til skaða fyrir gróður. Júní, Júlí og fyrripartur ágúst voru eindæmum þurrir og hlýjir mánuðir, svo þurrt að vatnsból og tjarnir þornuðu víða. Olli þetta miklum vandræðum og afföllum í gróðursetningu víða um sunnanvert landið. Í ágúst byrjaði svo að rigna sunnan og vestanlands og má segja að tekið hafi við ein mesta bleytutíð sem um getur síðan mælingar hófust á sunnanverðu landinu. Í lok nóvember og í desember var veður rysjótt og rak hverja stórlægðina á fætur annari upp að landinu. Eitthvað féll og brotnaði af trjám í þessum stórvíðrum.



Hvannastóð í birkiskógi

Ljósm. Hrafn Óskarsson

## Vöxtur og þrif trjágróðurs

Vöxtur í trjágróðri var mjög góður þar sem raki var nægur í jarðvegi. T.d. spratt birki ákaflega vel víða jafnvel á illa grónu landi. Hins vegar sáust áhrif þurrkanna á trjágróðri þar sem langt var niður á grunnvatn, t.d. gulnaði birki og missti lauf á Markarfljótsaurum. Líklega hafa þurrkarnir haft áhrif á fræmyndun í birki sem var fremur lítil þetta árið þrátt fyrir ágæta blómgun vorið 2007. Ertuygla þreifst vel í þurrkunum og olli töluverðum úlfabyt í fjölmiðlum. Ekki er þó víst að trjágróður hafi kippt sér jafn mikið upp við kvikindið og fréttamenn. Jákvæðu hliðarnar á þurrkunum voru þær að greniryð (*Chrysomyxa abietines*) þreifst ákaflega illa og var rauðgreni með fallelgra móti þetta árið, m.a. í Haukadal.

## Ræktun og afhending

Þau merku tíðindi urðu í sögu gróðrastöðvarinnar að Tumastöðum að gróðurhús og ræktunaraðstaða var leigð út til Barra hf. Var mestur hluti lagers seldur Barra. Hér verður því ekki gerð grein fyrir sáningum eða stungu græðlinga að Tumastöðum.

### Sala lagers og afhending trjáplantna

Í ár voru afhentar frá Tumastöðum um 134 þúsund skógarplöntur til gróðursetningar í lönd Skógræktar ríkisins og til Hekluskóga. Afhending á bakkaplöntum til annarra verkefna var rúm 184 þús. Þar var aðallega um að ræða kaup Barra hf á plöntulager á Tumastöðum. Auk þess keypti Barri að mestu upp lager af pottaplöntum um 11300 stk.

Úr skógi voru seldar 805 hnausaplöntur frá Tumastöðum, Haukadal og Þjórsárdal sem er aukning frá síðasta ári. Aðallega var um að ræða sitkagreni, en einnig stafafuru, rússalerki, birki og alaskaösp.

Alls voru afhentar 330 þúsund plöntur frá Tumastöðum árið 2007.

### Afhending græðlinga

Afgreiddar voru pantanir á græðlingum, bæði á óklipptu efni sem ræktendur klipptu sjálfir niður til ræktunar í bökkum og eins niðurklipptum (18-20 cm) græðlingum. Alls voru seldir um 80 þús græðlingar af ýmsum klónum af alaskavíði, alaskaösp og jörfavíði, auk smáræðis af viðju.

### Fræafhending

Alls voru seld 5,3 kg af fræi frá Tumastöðum. Mest var af birkifræi en minna af stafafuru, sitkaelri, reyniviði, gráelri og sitkagreni. Er þetta nokkru minni sala en síðasta ár.



Theodór Guðmundsson safnar birkifræi í Múlakoti í sérhannaðan fræbelg sem gerður var af Tjaldborg á Hellu.

Ljósm. Hreinn Óskarsson

## Gróðursetning

Alls voru gróðursettar hjá Suðurlandsdeild tæpar 118 þúsund trjáplöntur. Gróðursetning í nafni Hekluskóga í Þjórsárdal eru inni í þessari tölu, en ekki gróðursetningar Hekluskóga austan Þjórsár. Helstu trjátegundir voru birki (72 þús), stafafura (20 þús), sitkagreni (16 þús), rauðgreni (7 þús) og evrópulerki (1600). Mest var gróðursett í Þjórsárdal eins og undanfarin ár eða tæp 63 þús. Í viðauka má sjá nánari upplýsingar um gróðursetningu.

### Undirbúningur gróðursetningar

Sáð var í um 60 ha svæði á Þjórsárdalssöndum sunnan við veginn að sundlauginni í Þjórsárdal. Ásamt ræmu sunnan við vörðuðu leiðina yfir Sprengisand vestan við Reykholt. Var þetta gert af sáningarmönnum Landgræðslunnar. Sáðblandan samanstóð af rýgresi og grasblöndu. Einnig var áburður borinn á sáningar frá 2002-6 af verktakanum Brynjólfi Þ. Jóhannssyni.

Á vegum Hekluskógaverkefnisins var sáð og borið á allnokkurt svæði með veginum frá Fossá inn að Gjánni (Stöng), var þetta gert af verktakanum Eiríki Kr. Eiríkssyni í Sandlækjarkoti. Einar Óskarsson TTS herfaði í september nokkra reiti í Kollabæjarlandi sem til stendur að gróðursetja í vorið 2008.



Hrymur í Múlakoti. Ljós. Hrafn Óskarsson

### Múlakot

Í Múlakoti gróðursetti Árni Guðmundsson 720 blendinga af sífja- og rússalerki (Hrym) af frætré á Vöglum nr 8. Árni gróðursetti samskonar blendinga í hlíðina ofan Múlakots fyrir nokkrum árum og taka þeir öllum lerkitegundum fram í vexti og þrifum. Það verður því spennandi að fylgjast með þessum trjám.

### Tumastaðir

Töluverð aukning varð í gróðursetningu á Tumastöðum miðað við undanfarin ár. Bæði var gróðursett af starfsfólki S.r. og verktökum. Alls voru gróðursettar rúmlega 12 þúsund plöntur af ýmsum tegundum. Langmest var gróðursett af sitkagreni rúmar 10 þúsund, 1600 evrópulerki og minna af öðrum tegundum. Gerð var prófun á gróðursetningu með Menzi Muck með Bräcke



Gróðursett með Menzi Muck vélinni á Tumastöðum.

Ljós. Hrafn Óskarsson

gróðursetningar og jarðvinnslu haus (se: plantnings aggregat), en sökum þurrka urðu mikil afföll af þeirri gróðursetningu enda var Seylugilshöfðinn sem valinn var undir gróðursetninguna mjög þurr. Spennandi verður að sjá árangur af gróðursetningu með slíkri vél í rakari svæði t.d. grösuga hálfdeigju. Endurgróðursett var í hluta þessarar svæða síðla sumars. Töluvert var gróðursett af pottaplöntum í tengslum við samstarf Harðviðarvals og Skógræktar ríkisins. Sjá síðar í skýrslunni.

## Þjórsárdalur

---

Alls voru gróðursettar tæpar 63 þús. plöntur þetta árið í Þjórsárdal. Mest var gróðursett af birki (39 þús.) á uppgræðslur niður með afréttargirðingu frá Reykholti, en einnig voru gróðursettar 24 þúsund birki frá Landgræðsluskógum í Landgræðsluskógasvæðið frá Gvendarrana og suður fyrir Tunguhorn. Nær þetta svæði frá Sandá austur að Þjóðvegi. Tæpar 15 þúsund stafafurur, 7000 rauðgreni og 2000 sitkagreni fóru einnig í jörðu í Þjórsárdal þetta árið. Töluvert var gróðursett í Seljatungur í TTS unnið land.

## Þórsmörk og Goðaland

---

Ekkert var gróðursett á vegum Skógræktar ríkisins þetta árið, en Rótaríklúbbur Rangæinga og 4x4 klúbburinn gróðursetti um 1600 birkiplöntur og 80 reyniviði frá Tumastöðum á Merkur-rananum. Var þetta gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.



## Skarfanes

---

Tveir aðilar leigja landspildur til skógræktar í landi S.r. í Skarfanesi. Þetta árið gróðursetti annar þeirra, Jón

Hópur Rotary félaga gróðursetur birki og reyniviði í Merkurranann í Þórsmörk.

Ljós. Hreinn Óskarsson

Grettisson, 1000 stafafuruplöntur í

## Haukadalur

---

Í Haukadal voru gróðursettar um 15.500 plöntur árið 2007 mestmegnis birki (7565), 4000 sitkagreni, 3863 stafafuru, auk ýmissa sjaldgæfari tegunda í gestareit við kirkjuna og KKirk húsið.

## Hirðing og grisjun

Unnið var að grisjun reita í Þjórsárdal, Haukadal, á Þingvöllum og Tumastöðum. Af tækniframförum við grisjun og hirðingu er helst tíðinda að vél (Menzi Muck) var notuð við grisjun á reit 6021 í Haukadal og skjólbelti á Tumastöðum voru klippt með skjólbeltasög áfastri dráttarvél.



Skjólbelti klippt á Tumastöðum.

Ljós. Hrafn Óskarsson

### Tumastaðir

Á Tumastöðum voru fjölmörg skjólbelti klippt þ.á.m. grenibeltin frá 1964. Var þetta gert með aðstoð verktakans Davíðs Arnar Ingvarssonar frá Brjánsstöðum á Skeiðum og tókst ágætlega. Efnið var svo kurlað af verkþökum á vegum Rangárþings eystra og kurlað í stíga í Tunguskógi og á Tumastöðum.

### Þjórsárdalur

Grisjað var þetta árið á ýmsum stöðum þ.á.m. í reit 2410 í Ófeigshöfða, grisjuð var braut í gegn um skóginn frá syðstu tá Gvendarrana, auk þess að skógurinn var grisjaður þar á kafla (3410). Tom Menne grisjaði furureit ofan Hvitárgils (2246). Var efnið úr þessum reitum nýtt í girðingarstaura á Landeyjasandi, í hrossagerði, flett efni og kurl. Kjarrsagað var í ýmsum reitum og m.a. grisjað birki frá sitkagreni í s.k. Oddatorfu (2820 og 2821a). Kjarr var hreinsað frá vegum frá Skriðufelli inn í Selfitar. Sagað var frá jólatrjáaskápum í Móureit í Stórhólshlíð (2036).

### Haukadalur

Lokið var að mestu við grisjun í reit 6021, aðallega með Menzi Muck vélinni. Einnig var grisjað við Svartagil í reit 1032, við klósetthús í reit 2005, stök tré voru felld í Svartagilshvamminum og nýtt til smíða á brúm og bálskylum.



Menzi Muck vélin að störfum í reit 6021. Þrátt fyrir töluverða stærð gat vélin ágætlega athafnað sig inni í þéttum reitnum. Ljós. Hreinn Óskarsson

### Þingvellir

Trjáræma í efsta hluta s.k. Norðmannareist við Stekkjargjá norðan Furulundarins var felld með skógarhöggsvél Græna Drekans, Menzi Muck. Einnig var sitkagreni, birki og reyniviðir sem eftir stóðu í reitnum við veginn að Valhöll sunnan Þingvallabæjar felld með sömu vél. Á þeim stað hafa fundist minjar að menn telja af elstu kirkju á Þingvöllum og því urðu trén að víkja svo fornleifafræðingar geti athafnað sig við uppgröft.

## Tilraunir og þróunarverkefni

Helstu tilrauna- og þróunarverkefni sem unnið var að á árinu voru:

### Birki - Þjórsárdal

Úttekt var gerð á tilraun með birkigróðursetningu í 7 mismunandi stig uppgræðslu í Þjórsárdal. Skógfræðinemar í starfsnámi gerðu úttektirnar og GPS mældu alla reiti sem gróðursett var í í Hekluskógaverkefninu árið 2007.

### Ágræðsla – Betri tré

Unnið er að því að koma upp frægarði úrvalstrjáa af sitkagreni á Tumastöðum og í tengslum við það voru teknar greinar af úrvalstrjám undir stjórn Halldórs Sverrissonar á Mógilsa. Voru greinarnar græddar á pottaplöntur af sitkagreni frá Tumastöðum. Sáu Hrafn Óskarsson og Þórður Jón Þórðarson (Doddi) frá Vesturlandsdeild um ágræðsluna sem var gerð á Mógilsá. Voru plönturnar svo fluttar á Tumastaði þar sem þær voru aldar upp í Völluhúsi. Tókst ágræðslan ágætlega og verður henni haldið áfram næsta ár.

### Kortlagning skóglenda, uppmæling reita og starfsáætlanir

Morten T. Leth starfaði áfram við áætlanagerð og lagfæringu á kortagrunni fyrir þjóðskógana í Haukadal og Þjórsárdal. Var Morten skógræktarráðunautur á Suðurlandi, en var þó á launaskrá hjá Suðurlandsdeild. Sáu starfsnemar um uppmælingu á öllum trjáreitum í Þjórsárdal í sumar.

### Prófanir á erlendum efniviði

Gróðursettar voru ýmsar sjaldgæfar erlendar tegundir sem hafa verið í ræktun á Tumastöðum sl. ár. Voru pottaplöntur settar í reit voru auk þessarar tegundar í ræktun ýmsar framandi tegundir s.s.: Nöturblæosp (Blæsparbróðir) *Populus tremula* x *populus tremuloides*, *Acer rutimere* (Fuji), *Quercus robur* þrjú kvæmi frá Þýskalandi, *Juglans regia* Þýskalandi, *Juglans cathayensis*, *Aesculus hippocastanum* Þýskalandi og Masúrbjörk frá Finnlandi. Var þetta gert í tengslum við Harðviðarvalsverkefnið (sjá síðar í skýrslunni).



Þýsk eik í trjáreit á Tumastöðum haust 2007. Ljósm. Hrafn Óskarsson

## Skógarafurðir

Stór hluti af sértekjuöflun deildarinnar var sala skógarafurða eins og fyrri ár þ.e. sala á kurli, eldiviði, hjallaefni, trjáviði og jólatrjám.

### Kurl og arinviður

Um 92 m<sup>3</sup> af kurli seldust á árinu sem er aukning frá síðasta ári. Stór hluti kurlins fór til smásöluaðila þakkað í 0,05 m<sup>3</sup> sekki eins og síðustu ár þ.e. Byko, Blómavals og Garðheima. Arinviðarsala var á svipuðu róli þetta árið og seldust um 10,7 tonn, mest til Blómavals, Garðheima og einkaaðila. Sú nýbreytni var gerð að hannaðir voru nýir merkimiðar til að festa á pokana þar sem stóð af hverskonar trjávið var um að ræða og hvort hann hentaði í lokaða eða opna arna. T.d. voru sitkagreni og stafafura arinviður fyrir lokað eldstæði og birki og ösp fyrir opin eldstæði. Mest seldist af birki þetta árið um 8 tonn en næstmest af sitkagreni 1,9 tonn.

### Borðviður og hjallaefni

Ekkert var selt af hjallaefni þetta árið, en þó voru um 1200 staurar seldir til Landgræðslu ríkisins til að setja upp fokgirðingar á Landeyjasandi. Jókst sala á borðviði úr nánast engu upp í tæpa 5 m<sup>3</sup>, enda fékkst loks á haustdögum notuð borðviðarsög frá Hallormsstað. Er sú vél á hjólum og bensíndrifin sem hentar ágætlega hjá Suðurlandsdeild enda margar starfsstöðvar ólíkt á Hallormsstað sem hefur aðeins eina bækistöð. Þessi sög mun einnig þjóna Vesturlandsdeild. Er ljóst að með tilkomu sagarinnar og væntanlegra skemmubygginga 2008 verður möguleiki á því að framleiða mun meira af borðviði en áður hefur þekkt. Öruggt má telja að sala á slíku efni muni ganga vel enda liggur Suðurland vel við aðal markaði landsins á SV-horninu.

### Jólatré og greinar

Í ár fundust fleiri jólatré en væntingar stóðu til. Töluvert náðist úr rauðgrenireitum vegna lítills greniryðs (*Chrysomyxa abietines*). Aukning

#### ***Jólatré felld og seld árið 2007 úr Haukadál, Þjórárdal og Tumastöðum***

Heimilistré					Torgtré	
	Rauðgreni	Blágreni	Stafafura	Fjallabíur		
0.70-1.00m	3	4			3-4m	32
1.01-1.25m	3	31	16		4-5m	3
1.26-1.50m	111	71	117	6	5-6m	19
1.51-1.75m	107	41	144	30	6-7m	9
1.76-2.00m	94	24	115	39	7-8m	13
2.01-2.50m	28	10	86	5	8-9m	7
2.51-3.00m	24		20	1	9-10m	6
Tré seld úr skógi	54	64	91		10-11m	2
	424	245	589	81	11-12m	2
					15-16m	2
					17-18m	1
Könglar		47	kg			
Greinar stafura		680	kg			
					alls	96
Jólatré alls						1,482



var í fjölda blágrenitrjáa og fjallapins sem tilbúin voru til höggs. Tveir sérpantaðir fjallapingir 4-5 og 5-6 m háir voru felldir í Þjórsárdal og skreyttu Smáralind og elliheimilið Grund. Alls voru höggvin og seld um 1339 heimilistré sem er meira en helmings aukning frá síðasta ári sem var ákaflega dapurt. 96 torgtré voru felld m.a. hæsta torgtré sem felld hefur verið hér á landi 17,2 m. Var það tekið úr jaðri Svartagilshvammis og skreytti umhverfi aðalstöðva Orkuveitu Reykjavíkur (sjá mynd). Flest voru trén höggvin í Haukadal, Þjórsárdal og Tumastöðum auk smáræðis af stafafuru á Mosfelli.

Tæp 700 kg af stafafurugreinum voru seld í Blómavali þetta árið eins og í fyrra og tæp 50 kg af þurrum könglum af ýmsum tegundum voru seldir til blómaverslana til skreytinga.

## Trjáfræ

Safnað var rúmum 10 kg af trjáfræi þetta árið á Tumastöðum, Múlakoti, Þjórsárdal og í Haukadal. Var fræið hreinsað og verkað á Tumastöðum. Auk þess sem fram kemur í töflunni hér að neðan var safnað smáræði af askfræi á Tumastöðum.

### Fræ sem safnað og hreinsað var á Tumastöðum haustið 2007

Tegund - Kvæmi	Dagsetn Safnað	Magn í grömmum	
		1. flokkur	2. flokkur
Birki - Kollabær (Langholt)	26/9 2007	650	
Birki - Þorsteinslundur	9/10 2007	120	
Birki - Múlakot	17/10 2007	420	
Birki - Vakalág (Gunnarsh.) fv. Bæjarst.	25/9 2007	390	
Birki Markarfljótsaurar, fv. Bæjarstaður	16/10 2007	530	
Blágreni - Kollabær	24/9 2007	90	
Blágreni x sitkagreni - Kollabær	15/10 2007	60	
Blæölur - Múlakot fv. Edmonton	13/9 2007	40	
Blæölur - Tumastaðir fv. Múlakot (safnbeð)	17/9 2007	185	
Fjallapöll - Haukadalur, R 2120 fv. Lawing	6/12 2007	34	
Hæruölur - Tumastaðir fv. Sakhalín (safnbeð Tum.)	20/9 2007	66	
Kjarrölur - Tumastaðir (gamla safnbeð)	17/9 2007	250	
Kjarrölur - Múlakot	13/9 2007	78	
Kjarrölur - Tumastaðir fv. Múlakot (safnb. 12 R.)	20/9 2007	290	
Knappareynir - Tumastaðir	3/9 2007	74	
Koparreyrnir - Tumastaðir (V. verkstæði)	13/9 2007	114	
Marþöll - Haukadalur fv. Cordova, R- 2114	27/11 2007	60	
Rauðgreni - Haukadalur, R-2119B	5/12 2007	130	
Rauðgreni - Haukadalur, R-2119B fv. G.V.R.K.	5/12 2007	126	
Rauðgreni - Haukadalur, R 2012	5/12 2007	60	
Rauðgreni - Þjórsárdal (Móureitur 2036)	nóv.07	62	
Rauðgreni (Kambgreni) - Tumastaðir,	29/10 2007	70	
Rauðölur - (Safnbeð Tumastöðum)	20/9 2007	10	
Reyniviður - Múlakot	13/9 2007	365	
Reyniviður - Múlakot (Næst hliði)	13/9 2007	190	
Sitkagreni - Kollabær, fv. Homer / Seward	26/9 2007	35	
Sitkagreni - Tumastaðir F1- Íslendingar	24/9 2007	4690	570
Sitkaölur - Tumastaðir (v. íbúðarhús)	19/9 2007	190	
Sitkaölur - Tumastaðir (v. verkstæði)	13/9 2007	164	
Sitkaölur - Tumastaðir fv. Skagway (safnbeð)	17/9 2007	66	
Úlfareynir -Tumastaðir	13/10 2007	460	
Úlfareynir -Tumastaðir (safnbeð)	13/9 2007	244	
	<b>Alls safnað</b>	<b>10.313</b>	<b>570</b>

## Girðingar og vegir

### Viðhald girðinga

---

Viðhald girðinga var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Farið var með girðingum á eftirtöldum stöðum: Þjórsárdal, Tumastöðum (Tungu og Kollabæ), Mosfelli og Múlakoti. Landgræðsla ríkisins heldur girðingum við í Þórsmörk og í Skarfanesi. Á Kirkjubæjarklaustri sá Einar Bjarnason um viðhald girðingarinnar, og verktakar sáu um girðingar í Mosfelli og á Tumastöðum og samliggjandi jörðum.

### Endurnýjun girðinga

---

Um 200 m kafli í Kollabæjargirðingunni var endurnýjaður og hefði verið þörf á mun meiri endurnýjun. Næst vonandi að endurnýja girðinguna á næsta ári.

### Viðhald vega

---

Unnið var að smávægilegum vegaviðgerðum eftir því sem efni stóðu til. M.a. þurfti að endurnýja brú í Haukadal sem fór í flóði í lok árs 2006. Í sama veðri sem skall á rétt fyrir jól grófst víða úr vegum t.d. á söndum Þjórsárdals. Lögð var braut inn í reit 6021 til að ná grisjunarviði út úr reitnum.

Vegagerðin endurbætti veginn inn í Haukadal frá Geysi, setti nýtt ristarhlið sunnan við Laugartún og setti ræsi í gamla vaðið á Almenningsánni.



Reyniviðirnir gömlu á Tumastöðum sem eru taldir vera yfir eithundrað ára gamlir.

Ljós. Hrafn Óskarsson

# Útivistarsvæði

## Tumastaðir

Stígar voru endurbættir og skilti sett upp bæði í Tunguskógi og Tumastaðaskógi. Var þetta verk unnið í samvinnu við Rangárþing Eystra. Því miður var ekki nægur tími til frekar en síðustu ár til að sinna trjásöfnum á Tumastöðum sem skyldi, t.d. að endurnýja merkingar, en vonandi næst að bæta úr því á næstu árum.

## Trjagarðurinn í Múlakoti

Árni Guðmundsson hafði umsjón með trjagarðinum í Múlakoti eins og undanfarin ár og fórst það verk afar vel af hendi.

## Haukadalur

Haldið var áfram með stíg fyrir hreyfihamlaða í Haukadal. Lagði verktaki stíg frá eldri stíg neðan klósetthúss og langleiðina upp í Svartagil. Varð hann frá að hverfa inn í sjálfu gilinu vegna bleytu, en grafinn var smá skurður til að ræsa þar stígstæðið fram. Smíðaði Einar Óskarsson þrjár göngubrýr yfir bæði Laugá og Svartagilslækinn.



Hönnuðir og yfirsmiðir K.Kirk hússins Morten T. Leth og Einar Óskarsson standa stoltir og dást að húsinu.  
Ljós. Hreinn Óskarsson

Byggt var nýtt grillskýli sunnan við Hákonarlund á Laugartúninu. Er húsið það stærsta hér á landi og líklega stærsta timburhús sem reist hefur verið hér á landi úr íslenskum viði. Húsið hannað af Morten T. Leth og Einari Óskarssyni, sem smíðuðu húsið úr sitkagreni úr Haukadal, Þingvöllum og Skorradal með aðstoð írskra skógræktarnema og íslensks sumarstarfsfólks Skógræktarinnar í

Haukadal. Var grindin gerð úr stórviði úr Svartagilshvammi, en þak og veggir klæddir efni sem flett var með borðviðarsög bæði Hallormsstaðasöginni og Jonseered keðjusagar flettisög á grind.

Var húsið vígt 15. nóvember og er það kennt við Danann Kristian Kirk sem gaf Skógrækt ríkisins jörðina Haukadal fyrir tæpum 70 árum. Er skýlið um 115 fermetrar að grunnfleti og rúmast þar stór hópur manna. Það er hannað til að taka á móti fólki í hjólastólum og var gerð tengibraut frá skógarstígnum fyrir hreyfihamlaða sem er að finna í Haukadalsskógi í húsið. Mun K.Kirk húsið verða nýtt af skógargestum og ferðaþjónustuaðilum á svæðinu og er ráðgert að leigja það stærri hópum.

## Þjórsárdalur

---

Gerður var nýr skógarstígur eftir Gvendarrana endilöngum og byggt nýtt bálskýli við gömlu Sprengisandsleiðina þ.e. veginn sem liggur að Klapparvaði. Á syðri enda Gvendarrana var gerð göngubrú sem liggur yfir Sandá í þrengslum rétt ofan við þar sem áin beygir fyrir Gvendarranann vesturúr. Frá brúnni var smíðuð skábraut svo hreyfihamlaðir geti komist upp á göngustíginn sem er hannaður fyrir umferð hjólastóla. Gerður var vegur frá Þjórsárdalsvegi yfir vikrana og endar hann á bílaplani á móts við göngubrúna. Jóhannes H. Sigurðsson smíðaði brúna og skábrautina ásamt Presti Ingvarssyni og var verkefnið allt unnið í samvinnu við Sjálfsbjörgu á Suðurlandi. Jóhannes vann mest öll verk ásamt aðstoðarfólki við stígagerðina. Bálskýlið var smíðað af starfsmönnum frá Skovskolen í Nødebo í Danmörku.



Jóhannes verkstjóri og Þróstur Ingvarsson vinna við skábraut frá nýju brúnni yfir Sandá að skógarstígnum í Gvendarrana. Ljósmynd: Hreinn Óskarsson.

Fjöldi gistinátta á tjaldsvæðinu í Þjórsárdal var svipaður og undanfarin ár eða um 5 þús. Jóhannes H. Sigurðsson leigði rekstur tjaldsvæðisins

eins og síðustu ár og Þóra og Úlfhéðinn í Haga sáu um rekstur hjólhýsasvæðisins. Gekk reksturinn vel eins og undanfarin ár. Áætlað er að fjöldi gistinátta á hjólhýsasvæðinu hafi verið á bilinu 10-15 þús. Alls er því fjöldi gistinátta í dalnum áætluð 18-23 þúsund.

## Þórsmörk og Goðaland

---

Viðhaldi göngustíga í Mörkinni var framhaldið. Var verkið unnið af sjálfbóðaliðum og starfsfólki S.r. Voru endurbæturnar gerðar í góðri samvinnu við Ferðafélag Íslands sem útveguðu gistingu og eldunaraðstöðu. Fjöldi gistinátta á umsjónasvæði S.r. á Þórsmerkursvæðinu eru a.m.k. 10-15 þús. Mest áhersla var lögð á að viðhalda stígnum upp á Valahnúk og fyrsta hluta Laugavegarins upp úr Langadal.

## Kirkjubæjarklaustur

---

Einar Bjarnason sá um girðingar og viðahald stíga eins og undanfarin ár. Einnig smíðaði Einar borðbekki og gerði ásamt fleirum, áningastað í gílinu neðan Stórasteins, neðan Systrafoss gegnt Klausturbænum.

# Fasteignir

## Sala og kaup

Í lok árs voru seldar þrjár Zetor dráttarvélar til Póllands. Tvær voru nánast ónýtar og ein í ágætu standi. Voru vélarnar allar módel 1981-1982, verðið var rúm 500 þúsund fyrir allar vélarnar. Massey Ferguson dísel árgerð 1955 var seld í lok árs til Landgræðslu ríkisins á 300 þúsund kr, en hún var keypt frá Landgræðslunni á sjöunda áratugnum. Stendur til að mála vélina og setja hana á Landgræðslusafnið. Húsið í Tungu var selt ásamt útihúsum og 1 ha lands á 40 milljónir í gegn um uppboð ríkiskaupa. Kaupverð var ekki greitt fyrr en í janúar 2008.

## Nýsmíði

Unnið var að ýmissi nýsmíði þetta árið. Í Haukadal var smíðað stærsta hús sem til er hér á landi eingöngu úr íslenskum trjáviði, líklega hið stærsta sem reist hefur verið hér á landi síðan land byggðist. Einar Óskarsson og Morten T. Leth hönnuðu húsið og smíðuðu ásamt aðstoðarfólki, að mestu sjálfboðaliðum frá Írlandi. Í Haukadal voru einnig smíðaðar miklar göngubrýr í tengslum við stíga fyrir hreyfihlaða þar sem burðarvirkið var gert úr stórviðum úr Svartagilshvammi. Stærsta brúarhafið var yfir 8 m langt. Einar Óskarsson var yfirbrúarsmiður og fékk aðstoð við verkið frá starfsnemunum ofl.



Thomas Menne hefur starfað með hléum hjá deildinni og vann í sumar um 3 mánaða skeið. Hann reisti þennan eftirlitsturn á tjaldsvæðinu í Sandártungu í Þjórsárdal eingöngu úr grisjunarvið úr skóginum.  
Ljóm. Jóhannes H. Sigurðsson.

Í Þjórsárdal smíðaði Jóhannes verkstjóri brú yfir Sandá á mótis við syðsta odda Gvendarrana. Einnig var smíðuð skábraut við brúna með aðstoð Prastar Ingvarssonar smíðs. Eru brúin og skábrautin ásamt tilheyrandi stíg hönnuð svo hægt sé að aka hjólastól yfir brúna og upp á skógarstíg sem liggur inn á Selfitar.

Ný vatnsveita var lögð að Tumastöðum úr vatnsbóli V-Landeyja í Torfastaðalandi. Er þetta mikill mundu og tryggir drykkjarvatn á staðnum ásamt nægu vökvunarvatni fyrir gróðrastöðina.

## Viðhald

Lítið viðhald fór fram á húsakosti Skógræktarinnar þetta árið og er tilfínanlega farið að skorta á ýmiskonar viðhald húseigna Skógræktarinnar á öllum starfsstöðvum Skógræktarinnar á Suðurlandi.

## Útleiga

Húsnæði S.r. að Gagnheiði 25 var árið 2007 allt leigt út til þriggja aðila. Mest öll lóðin á Gagnheiði 27 var einnig leigð út. Sá hluti sem Skógræktin hefur lengst nýtt í Gagnheiði 25 var leigð út en hafði S.r. enn afnotarétt af skilrúminu og gat geymt þar verkfæri og fleira.

Skógarvarðarbústaðurinn á Tumastöðum var áfram leigður út til Hrafn Óskarssonar verkstjóra og fjölskyldu. Tunguhús var leigt út til Kristjáns Guðmundssonar og fjölskyldu fram í ágúst, en Kristján yfírgaf húsið í nóvemberbyrjun eftir úrskurð Héraðsdóms Suðurlands. Kotmúli var leigður út til Eysteins Leifssonar og fjölskyldu gegn því að fjölskyldan sjái um viðhald á íbúðarhúsinu á jörðinni. Ásgeir Tómasson frá Reynifelli leigði áfram Kollabæ. Fleiri spildur eru leigðar út s.s. landnemaspildur í Skarfanesi og sumarhúsalóðir í Þjórsárdal. Viðari Pálssyni hafði fyrir nokkrum árum verið sagt upp leigu á beitolöndum og fjárhúsum neðan vegar í Stóra-Kollabæjarlandi og rann leigan formlega út í byrjun árs. Viðar vildi ekki endurnýja leigusamninginn en hafði samt sem áður fénað sinn á landinu.

Starfsmaður Náttúruverndar ríkisins leigði herbergi í Haukadalshúsinu í sumar. Suðurlandsskógum var eins og áður leigð aðstaða á Tumastöðum til geymslu á plöntum og dreifingar. Barri hf. gerði leigusamning um ræktunaraðstöðu og kaup á plöntulager, bökkum og pottum. Ennfremur var Hrafn Óskarsson leigður út frá Skógrækt ríkisins til að starfa hjá Barra við ræktun. Er Skógrækt ríkisins þar með að mestu hætt ræktun á Tumastöðum, þó stendur til að rækta smáræði af sérstökum tegundum og kvæmum í Völluhausi.



Vorið 2007 var gerð tilraun með aftöppun á birkisaft úr Hákonarlundi í Haukadal. Hér sést Anne Wolff bora gat á birkitré og koma söfnunarbúnaði fyrir. Ljós. Morten T. Leth.

## Rekstur ársins

### Rekstrarkostnaður

Fjárheimild Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins fyrir árið 2007 var fjárheimildin 34,0 mkr þar af 14 m.kr vegna Hekluskóga. Því lækkaði í raun bein fjárheimild til reksturs deildarinnar úr 22,5 milljónum árið 2006 í 20,0 milljónir árið 2007. Skýrðist þetta af niðurskurði á fjármagni til Skógræktar ríkisins á fjárlögum ársins 2007.

Rekstrarkostnaður árið 2007 var 61,3 m.kr og hækkaði um 7,0 m.kr frá fyrra ári eða um 13 %. Launakostnaður á árinu var 34,5 m.kr og hækkaði um 3,7 m.kr eða 12 %. Annar rekstrarkostnaður var 26,8 m.kr og hækkaði um 3,3 m.kr frá 2006 eða 14%.

### Launakostnaður

Launakostnaður á árinu var 34,5 m.kr og hækkaði um 3,7 m.kr eða 12 %. Skýrist þetta af launahækkunum og auknu mannahaldi t.d. var skógræktarráðunautur Suðurlands á launaskrá deildarinnar allt árið. Yfirvinna jókst einnig milli ára vegna aukinna verkefna.

Heiti	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Breyting 2006-2007	%
Grunnstörf, viðvera	17.182.237	16.344.177	16.586.394	17.907.189	18.939.170	20.681.449	1.742.279	9%
Aðrar aukagreiðslur	118.416	137.530	183.392	311.073	755.600	1.086.801	331.201	44%
Yfirvinna, tímamæld	5.876.425	5.172.533	4.848.242	5.776.830	5.277.412	6.119.252	841.840	16%
Orlof á yfirvinnu	679.398	592.821	570.668	704.750	652.503	755.601	103.098	16%
Orlof af mánaðarlaunum	1.537.969	1.316.219	791.777	932.778	0	0	0	0%
Launatengd gjöld	4.101.829	3.813.041	3.777.654	4.738.672	5.134.635	5.827.350	692.715	13%
<b>Samtals</b>	<b>29.496.274</b>	<b>27.376.321</b>	<b>26.758.127</b>	<b>30.371.292</b>	<b>30.759.320</b>	<b>34.470.452</b>	<b>3.711.132</b>	<b>12%</b>

### Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður var 26,8 m.kr og hækkaði um 3,3 m.kr frá 2006 eða 14%. Auknar framkvæmdir í tengslum við Hekluskógaverkefnið skýra þessa hækkun að hluta.

## Sértekjur

Sértekjur ársins 2007 voru 38,4 m.kr og hækkuðu um 13,8 milljónir milli ára. Almennar tekjur ársins voru alls 2,1 m.kr en vörusala 36,3 m.kr.

### Tekjur almennar

Tekjur almennar eru að stærstum hluta styrkir, sölutekjur af eignum, framlög til samvinnuverkefna, vaxtatekjur o.þ.h. Tekjur almennar voru 2,1 milljón og hækkuðu um 1,5 milljónir milli ára.

### Vörusala

Vörusala ársins var 36,3 m.kr og jókst um 12,3 m.kr frá árinu 2006 eða um 51%.

Vörusala var áætluð 24 m.kr og var því rúmar 12 milljón yfir áætlun.

heiti	2002	2003	2004	2005	2006	2007	breyting	%
Jólatré, greinar og könglar	3,115,902	3,878,570	5,298,155	5,738,484	5,551,246	8,472,754	2,921,508	53%
Hnausplöntur	64,362	1,041,628	516,571	710,279	803,597	1,573,020	769,423	96%
Fræsala	32,036	706,521	346,466	54,144	887,849	785,783	-102,066	-11%
Arin- og hjallaviður,græðl. og kurl	1,514,245	2,329,147	2,150,714	1,603,668	1,518,870	2,441,544	922,674	61%
Fjölplöplöntur	1,256,537	2,581,363	3,092,682	2,415,704	4,542,010	0	-4,542,010	-100%
Pottaplöntur	834,492	1,588,942	3,542,043	2,945,628	4,766,473	3,700,943	-1,065,530	-22%
Bifreiðaleiga/Flutningur	166,065	125,850	115,100	164,856	7,711	499,555	491,844	6378%
Vinnuvéla- og tækjaleiga	147,238	346,232	404,973	233,425	0	0	0	0%
Tjaldstæða- og hjólhýsastæðaleiga	773,216	3,163,500	3,147,158	3,874,966	4,330,455	4,795,293	464,838	11%
Húsaleiga	1,325,096	1,320,600	1,244,850	1,459,454	1,517,246	1,760,007	242,761	16%
Selt fæði	126,831	7,344	7200	0	0	541,750	541750	100%
Önnur sala	37,866	1,207,709	152,782	315,252	81,354	11,763,898	11682544.2	14360%
Vinnusala	470,786	210,922	140,415	156,240	0	0	0	0%
Samtals	9,864,672	18,508,328	20,159,109	19,672,100	24,006,810	36,334,549	12,327,739	51%



## Ýmislegt annað

### Birkisaft töppuð af birki í Haukadal

---

Morten T. Leth og Anne Wolff gerðu prófanir í Haukadal með aftöppun á birkisaft í Hákonarlundi. Tókst aftöppunin vel og var saftin nýtt til framleiðslu á sírópi, til matargerðar á Geysi og víðar. Verður vonandi framhald á þessu næstu ár.

### Samstarf við Harðviðarval

---

Harðviðarval hf og Skógrækt ríkisins hafa undanfarin ár átt í samstarfi í tengslum við Gullínu Harðviðarvals. Mun Harðviðarval styrkja verkefnið prófanir á sjaldgæfum harðviðar tegundum, s.s. beyki, eik, aski, álmi, hengibjörk svo eitthvað sé nefnt. Fyrir hvern seldan fermetra af parketi í gegn um Gullínuna setur Harðviðarval 70 kr til verkefnisins.

Skógrækt ríkisins mun annast söfnun á fræi til prófananna, ræktun á tilraunaplöntum, gróðursetningu í trjáreiti á skjólgóðum svæðum og mælingar og úttektir á trjáreitunum. Mun Skógrækt ríkisins skila skýrslu um verkefnið til Harðviðarvals í október ár hvert.

Í tengslum við verkefnið voru í ár gróðursettar ýmsar tegundir trjáa sem ræktaðar hafa verið í pottum á síðustu árum í trjáreiti á Tumastöðum, Haukadal og í Þjórsárdal. Verður spennandi að fylgjast með þessum reitum og sjá hvaða tegundir og kvæmi þeirra þrífast best.

### Samstarf við Katla Travel

---

Gert var samkomulag við fyrirtækið Katla Travel GmbH, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík um að það muni veita fé til gróðursetningar á einu tré fyrir hvern ferðamann sem kemur til Íslands á vegum fyrirtækisins árin 2008-2017. Þetta svarar til um 5 ha skógar sem gróðursett verður til á hverju ári.

Ákveðið var að gróðursetja í birkireiti í lúpínubreiður í heiðarbrúnina ofan Haukadalsskógar. Yrði skógurinn fremur gisinn eða um 1000 plöntur á hverjum ha lands, enda er landið grýtt og erfitt að finna hentuga gróðursetningarstaði í urðinni. Af brún Haukadalsheiðar þar sem skógurinn mun verða gróðursettur er afar fögur útsýni yfir Haukadal og Geysissvæðið. Þar er stefnt að því að setja upp áningarstað á svæðinu. Þar verður möguleiki á að setja upp skilti til kynningar á verkefninu. Möguleiki verður á að bjóða viðskiptavinum Katla Travel að skoða svæðið eða gróðursetja tré á svæðinu.

### Heimsóknir hópa

---

Margir hópar heimsóttu skóga á umsjónasvæði deildarinnar þetta árið eins og undanfarin ár. Of langt mál er að telja þá alla upp, en gestir voru innlendir sem erlendir, á öllum aldri, allt frá leikskólanemum upp í háskólanema, auk fræðimanna ýmiss konar. Guðmundur Tyrfingsson ehf var áfram með óvissuferðir upp í Haukadalsskóg, fjórhjólaleiga var starfrækt í skóginum í Haukadal, auk þess að reglulegar hestaferðir eru

farnar inn í Haukadalsskóg frá Geysi. Ættarmót, brúðkaup og afmæli hafa verið haldin í skógunum svo eitthvað sé nefnt.

## Fundir, ferðir og námskeið

---

Skógarvörður sótti ýmsa fundi á árinu. Voru eins og 2006 lang flestir fundir haldnir í tengslum við Hekluskógaverkefnið. Skógarvörður var í stjórn Suðurlandsskóga allt árið og í stjórn Hekluskóga frá maí fram í nóvember, í erfðalindarhópi og í fagnefnd skógræktar og umhverfisbrautar LBHÍ. Auk þess sótti skógarvörður ýmsa aðra fundi sem of langt mál er að telja upp.

## Fyrirlestrar

---

Hreinn Óskarsson 2007. Hekluskógar. Erindi haldið á fundi Oddfellow í Hafnarfirði 14. febrúar 2007.

Hreinn Óskarsson 2007. Tilraunir með áburðargjöf í skógrækt. Fyrirlestur í Landbúnaðarháskóla Íslands. 29. mars 2007.

Hreinn Óskarsson 2007. Áburðargjöf sem forvörn gegn afföllum og uppdráttarsýki. Erindi haldið á fundi Betra líf 28. mars 2007, á Mógilsá.

Hreinn Óskarsson 2007. Hekluskógar – frá hugmynd að veruleika. Erindi haldið á Oddastefnu á Leirubakka á Landi, 19. maí 2007.

Hreinn Óskarsson 2007. Hekluskógar – Europas stærste skovrejsningsprojekt. Erindi haldið fyrir SNS stjórn á Leirubakka 5. júní 2007.

Hreinn Óskarsson 2007. Umhirða viðarskóga eftir gróðursetningu. Fyrirlestur í Garðyrkjuskólanum, Reykjum 4. október 2007.

Hreinn Óskarsson 2007. Skógarstígar fyrir alla. Erindi haldið fyrir Rotary á Hvolsvelli, 4. október 2007.

Hreinn Óskarsson 2007. Skógrækt ríkisins Suðurlandi: saga, störf og framtíð. Erindi haldið fyrir Skógræktarfélag Sandvíkurhrepps, 25. nóv. 2007.

## Greinaskrif og veggspjöld

---

Oskarsson, H. & Halldorsson, G. 200x. Initial fertilization of *Betula pubescens* in Iceland did not affect ectomycorrhizal colonization but improved growth. Grein send til birtingar í Forest Ecology and Management.

Ársskýrsla skógræktar ríkisins 2006. Gunnlaugur Guðjónsson og Hreinn Óskarsson, ritstjórar.

## Hekluskógar

---

Frá 1. maí 2007 sat skógarvörður í stjórn Hekluskóga, auk þess að hann stýrði framkvæmdum ársins í samvinnu við aðra stjórnarmenn og starfsfólk Landgræðslu ríkisins. Var þetta með tímafrekari verkefnum skógarvarðar á árinu.

Á árinu fengust 14 milljónir kr. til verkefnisins frá ríkinu auk tæpra þriggja milljóna frá Heklu hf. Var féð nýtt til plöntuframleiðslu og gróðursetningu. Nánari upplýsingar má finna í ársskýrslu Hekluskóga 2007 á [www.hekluskogar.is](http://www.hekluskogar.is).

**Viðauki**

## Gróðursetning 2007

### Afhendingar frá Tumastöðum til Suðurlandsdeildar og gróðursetningarstaðir

Dags.	gerð	magn	tegund	kvæmi	aldur	hvert	Athugasemdir
júni-júlí	frýstar pl.	31,420	Birki	Bolholt			
ágúst-sept	fp 67	27,624	Birki	Bolholt	1/0	Hekluslógar	
sept	fp 40	15,630	Birki	Bolholt	1/0	Hekluslógar	
sept	fp 40	2,160	Birki	Tumastaðir	2/0	Hekluslógar	
sept	fp 35	<u>2,030</u>	Reyniviður	ýmis kvæmi	2/0	Hekluslógar	
		<u><b>78,864</b></u>	þ.a. 39 þús. í Þjórsárdal				
júni	pottar	25	Alaskaösp	Selta		Kollabær	
júlí	fp 40 frýstar	4,960	Sitkagreni	Taraldsöy	1/0	Kollabær	Vélgrs.
ágúst	pl.	800	Sitkagreni	Taraldsöy	1/0	Kollabær	íbætur
ágúst	fp 40	1,340	Sitkagreni	Taraldsöy	1/0	Kollabær	
júlí	fp 40	1,560	Sitkagreni	Tumastaðir	2/0	Kollabær	Vélgrs.
sept	fp 40	1,479	Sitkagreni	Tumastaðir	2/0	Kollabær	Grs. af Grétari
ágúst	fp 40	874	Evrópulerki	Valdífínne	1/0	Tunga	
ágúst	fp 40	342	Evrópulerki	Caedine	1/0	Tunga	
ágúst	fp 40	418	Evrópulerki	Italia	1/0	Tunga	
sept	pottar	5	Garðahlynur	slope solnis		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	3	Garðahlynur	Tumastaðir		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	4	Sorbus	Balley Buffei Írland		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	7	Hlyntegund (brodd?)	Oslo Viglundsparken		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	7	Askur	Gjövík, Noregi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	4	Askur	Verdal, Noregi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	20	Álmur	Steinkjer, Noregi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	15	Masúrbjörk	Finnlandi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	15	Hengibjörk	Finnlandi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	15	Hengibjörk	Rognan, Noregi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Rauðölur	Þýskaland (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Hengibjörk	Þýskaland (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	25	Silfurreynir	Stekkholt, Selfossi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Álmur	Alstahaug		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Lindifura	Hallormsstaðir		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	50	Garðahlynur	Selfoss		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	2	Hrossakastanía	Þýskaland 650m (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	1	Valhneta	Þýskaland /Bæjaral (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	15	Quercus robur	Þýskaland Abt Erwald 700 m (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	23	Quercus robur	Þýskaland Abt Nachtwede 600m (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	24	Beyki	Þýskaland (T. Menne)		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	15	Koparreynir	Selfoss		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	15	Fjallaþinur	Tutshi Lake		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Rífs			Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	20	Sólber			Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Héluríf			Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Gráreynir	Þorsteinslundur		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	5	Blæölur	Múlakot		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	16	Álmur	Steinkjer, Noregi		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	40	Gráreynir	Tumastaðir		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	10	Úlfareynir	Tumastaðir		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	5	Nöturbæðsp	Tumastaðir		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	25	Garðahlynur			Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
sept	pottar	11	Svartyllir (Sambucus nigra)	Austurríki Tom		Tumastaðir	Harðviðarvalssamstarf
		<u><b>12,265</b></u>					

## Gróðursetning 2007 frh.

júní	fp 67	24,000	Birki*	Bæjarstaður (* ekki afhent frá Tumastöðum)		Þjórsárdalur	Landgræðsluskógar
apríl	fp 40	4,243	Rauðgreni	Malvik/Stjördal		Þjórsárdalur	í Ófeigshöfða
júní	fp 40	1,260	Sitkagreni	Þjórsárd. ex Cordova	2/0	Þjórsárdalur	úr frysti
júní	fp 40	1,200	Stafafura	Kollabæ	1/0	Þjórsárdalur	úr frysti
ágúst	fp 40	2,500	Rauðgreni	ýmis kvæmi	2/0	Þjórsárdalur	Grs. í Seljatungum
okt	fp 40	6,762	Stafafura	Kollabæ	1/0	Þjórsárdalur	
júlí	fp 40	480	Sitkagreni	Þjórsárd. ex Cordova	1/0	Þjórsárdalur	
júní	fp 40	7,436	Stafafura	Kollabæ	1/0	Þjórsárdalur	
júní	pottar	2	Broddhlynur	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	10	Hengibjörk	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	10	Rauðölur	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	6	Rauðölur	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	6	Hengibjörk	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	6	Bergfura	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	1	Hrossakastanía	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
júní	pottar	8	Quercus robur	Þýskaland (T. Menne)		Þjórsárdalur	
		<b>47,930</b>					
júní	fp 40	<u>1,002</u>	Stafafura	Kollabæ	1/0	Skarfaness	
		<b>1,002</b>					
okt	pottar	25	Birki	Bæjarstaður		Haukadalur	Harðviðarval-KKirk hús
okt	pottar	5	Reyniviður	Múlakot		Haukadalur	Harðviðarval-KKirk hús
okt	pottar	5	Rauðölur	Þýskaland (T. Menne)		Haukadalur	Harðviðarval-KKirk hús
okt	pottar	5	Hengibjörk	Rognan		Haukadalur	Harðviðarval-KKirk hús
okt	pottar	10	Masúrbjörk	Finnland		Haukadalur	Harðviðarval-KKirk hús
júní	pottar	25	Birki	Bæjarstaður		Haukadalur	gestareitur
júní	pottar	6	Reyniviður			Haukadalur	gestareitur
júní	pottar	5	Rauðölur	Þýskaland (T. Menne)		Haukadalur	gestareitur
júní	pottar	5	Hengibjörk	Rognan		Haukadalur	gestareitur
júní	pottar	10	Masúrbjörk	Finnland		Haukadalur	gestareitur
júní	pottar	5	Lindifura	Hall		Haukadalur	gestareitur
júní	fp 40	4,000	Sitkagreni	Taraldsöy	1/0	Haukadalur	
júní	fp 40	3,863	Stafafura	Kollabæ	1/0	Haukadalur	
Júlí	fp 67	<u>7,515</u>	Birki	Tumastaður	1/0	Haukadalur	Katla Travel samstarf
		<b>15,484</b>					
júní	fp 40	400	Birki	Bolholt		Þórsmörk	Rotary
júní	fp 35	80	Reyniviður	Múlakot		Þórsmörk	Rotary
júní	fp 40	<u>1,200</u>	Birki	Bolholt		Þórsmörk	4x4
		<b>1,680</b>					
júní	fp 40	<u>420</u>	SifjaxRússalerki	Vaglir no8		Múlakot	
		<b>420</b>					

alls grs **157,645** þar af tæp 40. þús grs. austan Þjórsár í Heklusköga

